

LÖG

um listmunaupboð o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Viðskiptaráðherra skal heimilt að veita þeim sem verslunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir að hans dómi leyfi til að selja sjálfir á frjálsum uppbóði, hvar sem er á landinu, málverk, myndir, listmuni, bækur, frímerki og aðra muni sem söfnunargildi hafa.

Uppboðsleyfi er einnig heimilt að veita félögum eða öðrum lögaðilum sem verslunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir.

Leyfin eru ekki tímabundin en þau má afturkalla ef leyfishafar þykja ekki lengur uppfylla hæfisskilyrði. Eldri leyfi skulu halda gildi sínu og teljast ótímabundin eftir gildistöku laga þessara.

Leyfisgjald, er renni í ríkissjóð, skal vera helmingur af gjaldi fyrir smásöluleyfi.

2. gr.

Þegar sérstaklega stendur á má veita aðilum leyfi til að halda lokað uppbóð í því skyni að styrkja viðurkennda líknarstarfsemi og kirkjulega starfsemi, menntir, vísindi og menningu. Uppboðsstjóri skal þó hafa verslunarleyfi jafnaðarlega og teljast hæfur til uppbóðshaldsins. Ekki skal innheimta leyfisgjald.

3. gr.

Sölugjald skal ekki leggja á málverk, myndir og listmuni heldur 10% gjald er renni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það til starfslauna handa myndlistarmönnum. Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur um ráðstöfun gjaldsins að höfðu samráði við Samband íslenskra myndlistarmanna.

4. gr.

Leyfishafar eða uppbóðsstjórar mega hvorki gera sjálfir boð á uppbóði né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

5. gr.

Leyfishafar skulu kynna uppbóðsskilmála skriflega og skulu þeir lesnir í upphafi uppbóðs.

Í uppbóðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum er leggist ofan á söluverð, greiðsluskilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, og því hvenær ábyrgð á seldum mun flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

Kaupandi uppbóðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á seldum mun nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.

Þegar uppbóð er opið skulu munir vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma sé þess kostur.

6. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Í reglugerð má setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

- Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:
7. gr. laga nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum;
 - lög nr. 113 23. desember 1954, um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum;
 2. mgr. 54. gr. laga nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 38 frá 16. apríl 1971,
um Kennaraháskóla Íslands.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. tölul. 15. gr. verði svohljóðandi:

Vísindalegu starfi rannsóknarstofnunar uppeldismála stjórnar forstjóri, að jafnaði kjörinn til skiptis úr hópi fastra kennara í uppeldisskor Kennaraháskóla Íslands og fastra kennara í félagsvísindadeild Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði. Kjörtímabil forstjóra er þrjú ár. Forstjóri skal hafa umsjón með framgangi rannsóknarverkefna stofnunarinnar og fjárreiðum hennar. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur ársskýrslu um starfsemina. Forstjóra er skylt að kenna a.m.k. $\frac{2}{3}$ hluta kennsluskyldu sinnar í hlutadeigandi háskóla. Um aukavinnu forstjóra utan vébanda stofnunarinnar og viðkomandi háskóla fer eftir almennum ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.